

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigu-bifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 15. júní 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskmjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskimjöli fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. sept. 1978:

Fiskmjöl, \$ 6.60 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadóllar, \$ 1 = 259.50.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 60% af verðbreytingum frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. júní 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUR

um skráningu og öryggisbúnað opinna skemmtibáta 6 m. og lengri o. fl.

1. gr.

Skráning skemmtibáta, skoðun o. fl.

- 1.1. Skemmtibátar 6 metra og lengri eru lögum samkvæmt skráningar- og skoðunarskyldir.
- 1.2. Skráningin fer fram hjá Siglingamálastofnun ríkisins eða sýslumönnum og bæjarfógetum, gegn framvísun eignarheimildar (þinglýstrar sé báturinn 5 brl. eða stærri) og mælibréfs.
- 1.3. Við skráningu er bátnum úthlutað skráningarnúmeri með bókstaf fyrir aftan, skal það málað á báða bóga hans.
- 1.4. Báturinn skal skoðaður áður en hann er tekinn á skrá og síðan árlega. Að skoðun lokinni skal honum gefið haffærisskírteini, sé honum í engu ábótavant að mati skoðunarmanna.
- 1.5. Smíði skemmtibáta innanlands er háð eftirliti Siglingamálastofnunarinnar, ennfremur er innflutningur þeirra háður leyfi hennar.

2. gr.
Öryggisbúnaður.

- 2.1. Eftirgreindur búnaður skal hafður í skemmtibátum:
Akkeri og festar samkvæmt töflunni, sem hér fer á eftir.

1	2	3		4		5
Visitala	Akkeri	Keðja		Nylon tóg		5 m keðja
	kg	lengd	þverm.	lengd	þverm.	þverm.
10	12 kg.	40 m	6 mm	40 m	14 mm	7 mm
og minni						
15	15 kg.	45 m	6 mm	45 m	16 mm	8 mm
20	18 kg.	50 m	7 mm	50 m	16 mm	8 mm
25	21 kg.	55 m	8 mm	55 m	18 mm	9 mm
30	25 kg	60 m	8 mm	60 m	18 mm	10 mm

Visitalan er fundin þannig:

$0.6L.B.H + \frac{1}{2}$ rúmtak yfirbygginga í m³.

Þar sem L er mesta lengd bátsins, B mesta breidd á utanverðan byrðing og H er hæðin mæld á L/2 frá spónfari að borðstokk ofanverðum. Til yfirbygginga heyrir rýmið ofan borðstokks eða framlengingu hans.

Heimilt er að nota nylon eða perlon tóg í stað fullrar keðjulengdar.

Skal þá notaður 5 m langur keðjustúfur næst akkerinu. Er þá farið eftir 1., 2., 4. og 5. dálk töflunnar, ella eftir 1., 2. og 3. dálk.

- 2.2. Áttaviti.
2.3. Björgunarvesti fyrir alla um borð.
2.4. Drifakkeri með línu og segulnagla. Stærri þvermál 60 cm, minna þvermál 12 cm, línan skal hafa 1000 kg. brotþol og vera 25 m löng að minnsta kosti.
2.5. Krókstjaki.
2.6. Þrjú rauð handblys.
2.7. Vatnshelt vasaljós.
2.8. Sjúkrakassi í vatnsheldum umbúðum, sem hefur inni að halda: Plástur, Sárabindi, Sáraböggul, Sáragrisju, Heftiplástur, Dauðhreinsoða bómull, Fetil, Efulavin sáravatn, Euflavin vaselin, Joðáburð, Sjóveikistöflur, Magnyltöflur, Coffazyltöflur, Skæri, Flísatöng, Öryggisnælur, Slagæðabönd og Teygju-bindi.
2.9. Þokulúður.
2.10. Eitt 2. kg. þurrdufts slökkvitæki, en tvö sé eldunaraðstaða í vistarverum.
2.11. Siglingaljós samkvæmt alþjóða-siglingareglum.
2.12. Handknúin, fast uppsett austurdæla. Skulu afköst hennar vera sem hér segir:

Lengd báts í metrum	Afköst í lítrum við	
	hvert dæluslag	
	Blöðkudæla	Stimpildæla
6.0— 8.0	0.5	0.7
8.0—10.0	0.7	1.0
yfir 10	0.9	1.25

- 2.13. Radarspegill, 25 cm að þvermáli að minnsta kosti.
2.14. Björgunarhringur með línu, 25 m, eða flothæfur kasthringur með jafnlangri línu.
2.15. Segl og árar, nema báturinn sé þannig gerður að honum verði hvorki siglt né róið, en þá skal hann búinn talstöð. Metrabylgjustöð (VHF) eða neyðartalstöð á bylgjulengdinni 2182 KHZ.
2.16. Æskilegt er að gúmmbjörgunarbátur eða annað fleytitæki sé haft um borð.

3. gr.

Merking opinna skemmtibáta.

- 3.1. Skemmtibátar skulu merktir skráningarnúmeri og bókstafnum S fyrir aftan það, á bóginn beggja megin. Hæð stafanna skal vera 10 cm að minnsta kosti. Skulu þeir vera svartir á ljósum grunni eða hvítir á dökkum grunni.
- 3.2. Siglingamálastjóri úthlutar númerunum og skulu þau fylgja sama bát æfiskeið hans.

4. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt Hveragerðishrepps að fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Hveragerðishrepps gert eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Hveragerðishrepps samþykkir samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 og lögum nr. 19/1964 að áskilja Hveragerðishreppi forkaupsrétt að eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum í Hveragerðishreppi:

Bláskógar 3, 6, 7, 9 og 16.

Breiðumörk 3, 7, 10, 13 og 16.

Frumskógar 2, 3, 11 og 13.

Heiðmörk 38A, 38B, 40, 42, 44, 46, 48, 51, 52, 56, 58, 60 og 62.

Hverahlíð 7, 9, 10, 12 og 14.

Hveramörk 7.

Laufskógar 5, 6, 8, 10, 12, 14 og 29.

Varmahlíð 39.

Eignarlóð Guðmundar Sigurgeirssonar, Þelamörk 40—42.

Eignarlóð Svanborgar A. Jónsdóttur, úr landi Silla og Valda.

Lóð d. b. Guðsteins Eyjólfssonar úr landi Akurs, samkv. afsali 23. okt. 1943 og 30. nóv. 1944.“

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. júní 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.